

- 157 aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, eða öðrum lögum, 22. núv. sem kunna að verða sett til viðbótar þeim, eða í þeirra stað, að fara skal þá eftir því, sem þar er ákveðið.

26. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkir breytingunum.

Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingu á félagssamþykkt, skal þess jafnan getið í fundarauglýsingu. Breytingartillögur þær, sem ekki koma fram fyrir en á fundi, þurfa  $\frac{4}{5}$  greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sé meiri hluti félagsstjórnar þeim fylgjandi.

Allar slíkar breytingar eru háðar staðfestingu ráðherra.

- 158 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðjónínu Jónsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. desember 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjónínu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Guðjónínu Jónsdóttur, húsfreyju í Garðbæ á Akranesi, af manni hennar, Jóni Bjarnasyni.

Stofnfé sjóðsins er 2000 krónur.

2. gr.

Sjóðurinn skal taka til starfa þegar höfuðstóll hans nemur 20 þús. kr. Skal þá verja  $\frac{3}{4}$  hlutum ársvaxtanna, samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, til skrudgarðs á Akranesi, er opin sé almenníngi og sé í umsjá bæjarstjórnar.

Þegar höfuðstóll sjóðsins nemur 50 þús. kr., skal verja  $\frac{4}{5}$  hlutum vaxtanna í sama skyni.

Að öðru leyti skulu vextirnir lagðir við höfuðstól, og hann má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, sóknarprestinum á Akranesi, manni, er bæjarráð Akraneskaupstaðar kýs úr sínum hópi, og stofnanda sjóðsins, meðan hans nýtur við, en eftir hans dag fulltrúa, er Kvenfélag Akraness kýs.

Auk úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. hefur sjóðstjórnin á hendi reikningshald sjóðsins, en reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga bæjarsjóðs.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta fyrst um sinn í vaxtabréfum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, en frá þeim degi, er þau verða innleyst, í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Garðbæ á Akranesi, 28. nóv. 1946.

Jón Bjarnason.